



# 12 LEIÐBEININGAR FYRIR SAMTAL MILLI TRÚARHÓPA INNAN SVEITARFÉLAGA



The Congress



Le Congrès

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE

# ÞEKING OG SKILNINGUR Á STÖÐU TRÚMÁLA Í SVEITARFÉLÖGUM

01 Sveitarfélög eru hvött til þess að gefa gaum vaxandi áhrifum trúar á sjálfsmynd einstaklinga og hópa og þátt hennar í félagsmótun og tilurð sameiginlegra félagslegra gilda og heimsmyndar margra íbúa þeirra. Trú er birtingarmynd og ávöxtur heimssýnar sem erfist frá kynslóð til kynslóðar og felur í sér tryggð við hefðir. Hún hefur áhrif á hugsunarhátt fólks og festir í sessi/ákvarðar gildi og hegðunarreglur.

02 Sveitarfélög verða að hafa góða þekkingu á stærð trúarhópa innan viðkomandi sveitarfélags og vita hvernig þeir eru skipulagðir. Trúarhóparnir þurfa að gera sér grein fyrir að kenning og þjálfun og þjónusta á þeirra vegum er starfsemi sem almenningur hefur raunverulegan hag af. Þeir veita meðlimum sínum tilgang og stuðla að myndun félagslegra tengsla og sem

slíkir eru þeir fullgildir þátttakendur í sveitarfélaginu. Æskilegt er að það sé ekki aðeins meðvitund um stöðu og hlutverk þjóðarbrotta og/eða minnihluta trúarhópa heldur einnig meðvitund um dulið vald meirihlutans sem heldur nánast um alla valdatauma sveitarfélagsins. Slík nálgun kann að stuðla að því að minnihlutahópar verði síður þvingaðir, gegn betri vitund þeirra, í varnarstöðu. Veita skal hlutverki fjölskyldunnar sérstaka athygli, einkum mæðra sem hjálpa til við að miðla menningarlegum gildum til næstu kynslóðar í anda hins opna samfélags.

03 Varast ber að líta á trúfélög sem einsleitar stofnanir heldur sem samtök þar sem skoðanir geta stundum verið skiptar. Það er því mjög mikilvægt að sveitarfélög velji sér tengiliði sem eru bæði opnir fyrir samtali og í aðstöðu til að hafa áhrif innan eigin samtaka, í nútíð og framtíð.

## AÐ STUÐLA AÐ SKILNINGI MILLI ÞÁTTTAKENDA Í SAMTALINU

04 Sveitarfélög verða að stuðla að því að opna augu fólks fyrir annars konar menningu með því að greina það sem er sameiginlegt og það sem er ólíkt, skilja þá sem hafa aðra sýn og það sem er frábrugðið þeim siðum og venjum sem fyrir eru í sveitarfélaginu og dreifa og deila þeim upplýsingum. Þau geta gert það með fræðslu um öll svið trúarlegrar þekkingar með það fyrir augum að auka menningarlega þekkingu en ekki á trúarsíðunum sjálfum. Slík menntun bæði í skólum og í borgaralegum fræðasetrum um trúarbrögð mun gegna lykilhlutverki í að efla umburðarlyndi og leit að þekkingu. Að vera opinn fyrir öðrum getur einnig vakið löngun til að skilja betur eigin trú eða persónuleg og félagsleg gildi manns sjálfs og með því að efla þannig menningarlegan skilning er hægt að draga úr hættunni á öfgahyggju. Leiðarljósið þarf að vera ósk um að skapa skilyrði fyrir jöfnuði milli kvenna og karla og að tryggja að þau raungerist.

05 Sveitarfélög verða að greina réttu tækifærin til að þróa gagnkvæma þekkingu /skilning og samskipti maður á mann sem geta dregið úr vantrauststilfinningum og jafnvel ótta. Markmiðið ætti að vera stöðug framþróun frá vanþekkingu til þekkingar, frá þekkingu til skilnings og frá skilningi til trausts. Þetta mætti gera með heimsóknum í bænahús eða með því að stofna til árlegra þvermennningarlegra og þvertrúarlegra samkunda eða hátíða. Samhliða mætti stofna þvermenningarleg og þvertrúarleg ráð til marghliða skoðanaskipta.

## AÐ STOFNA TIL SAMSTARFSTENGLA

06 Sveitarfélögin eru í framlínusveit og virk þátttaka þeirra á vettvangi, þekking þeirra á öllum þátttökendum og geta þeirra til að innleiða nýjungar, gefur þeim leiðandi og fullkomlega lögmætt hlutverk í málum sem tengjast trúariðkunum. Umfjöllun þeirra og aðgerðir verða að stjórnast af umhyggju fyrir víðsýni, nýsköpun og miðast að því að afla sér reynslu.

07 Hlutverk sveitarfélaga í að hvetja til samræðu og samstarfstengsla verður árangursríkara og nær til lengri tíma ef þessum forsendum er fylgt frá upphafi:

- ▶ borin er virðing fyrir lögmæti
- ▶ hvatt er til jafnréttis milli karla og kvenna
- ▶ trúarleg óhlutdrægni er höfð í heiðri og banni við mismunun
- ▶ gætt er að gegnsæi í öllum athöfnum

08 Sveitarstjórnir ættu ekki að taka beinan þátt í samræðum milli trúarhópa. Nálægðarreglan og sjálfstæði trúfélaga ætti að útiloka opinbera aðkomu eða frumkvæði að slíku samtali. Hin opinbera afstaða ætti að vera áhugi án íhlutunar. Hlutverk sveitarstjórna er fyrst og fremst að stuðla að lausnum og málamíðlunum eða, ef nauðsyn krefur að setja reglur á grundvelli skýrt skilgreindra og umsamdra markmiða. Frá þeim sjónarhóli, þ.e. meðvituðu hlutleysi, byggja þvertrúarlegur samræður í raun á skynsemi fremur en trú, þekkingu fremur en skoðun.

09 Með því að leggja áherslu á hugmyndir um viðurkenningu og traust geta sveitarstjórnir tryggt, út frá jákvæðu viðhorfi til lýðræðislegra stjórnunar fjölmeningarsamfélaga, að ekki verði litið á trú sem vandamál heldur sem auðlind. Aðgerðir þeirra ættu að miða að tveimur markmiðum: Að komið verði á fót samræmdu skipulagi fyrir trúariðkun í sveitarfélaginu og að félagsleg samheldni styrkist Stofnanirnar og samstarfsaðilarnir, sem taka þátt í samtalinu, ættu ekki fara út fyrir sín sérstöku hlutverk og ættu fyrst og fremst að líta á samtalið sem sameiginlegt framtak sem þurfi að hvetja til.

10 Starfsemi eins og bygging og rekstur bænahúsa ætti að beinast að því að stuðla að jafnvægi og samhljómi og því að samfélagið verði opnara í stað þess að það verði til "ghetto". Þetta þýðir að smá saman verður að taka þvertrúarnálgunina fram yfir fjöltrúarnálgunina. Aðgerðir sveitarfélaga ættu að hafa að leiðarljósi að styrkja sameiginlega trú á Guð sem hefur mörg andlit.

11 Sveitarstjórnir, sem láta sig varða trúarlega fjölbreytni og þvertrúarlegt samtal, verða að láta það endurspeglast með áþreifanlegum hætti í stefnu þeirra í félagsmálum, íþróttum, fræðslumálum, skipulagsmálum og menningarmálum sem og í samskiptum við samtök innan sveitarfélagsins. Að þessu leyti verður stefna þeirra að vera altæk. Stefnan verður að hafa áhrif á og upplýsa öll svið starfseminnar í stað þess að snúast um eitt einstakt svið. Ef allir eru reiðubúnir til að hlusta á alla er hægt að ná því fram sem Kanadamenn kalla “sanngjarnar aðstæður” (e “reasonable accommodation”) sem þýðir að trúarhópar fá fullt tækifæri til að tjá trú sína svo framarlega sem það rekst ekki á önnur grundvallaréttindi.

## ÁRANGURSMAT

12 Sveitarfélög ættu í samráði við skipulögð trúfélög í sveitarfélaginu að ákvarða fyrir fram hvaða viðmið og mælikvarða eigi að nota til að meta árangur samtals milli menningar- og trúarhópa. Þau gætu meðal annars fylgst með hvernig þeirra eigin sérþekking þróast og hvort tengslanet fyrir samskipti milli trúarhópa sé fyrir hendi og hvort þjálfunar- og upplýsingamiðstöðvum hafi verið komið á fót. Þau ættu einnig að taka upp samskipti við önnur sveitarfélög til að bera saman mismunandi fyrirkomulag hjá þeim og þróa þannig sínar eigin aðferðir.

Það er álit Sveitarstjórnarþingsins að aukin samræða milli trúarhópa og menningarhópa skipti sköpum fyrir samræðuna milli hinna ýmsu hópa sem búa í sveitarfélögum okkar.

Samræða er áhrifaríkt tæki í baráttunni gegn öfgahyggju og skorti á umburðarlyndi og styrkir „Samlíf“ sem hefur gagnkvæma virðingu að leiðarljósi.

Upphaf þessa verkefnis Sveitarstjórnarþingsins má rekja til tveggja ráðstefna sem það skipulagði 2006 og 2010 í Montchanin í Frakklandi. Á þessum ráðstefnum tóku fulltrúar sveitarfélaga, fræðimenn, alþjóðasamtök og trúarleiðtogar þátt í umræðum sem snérist um hlutverk sveitarfélaga í samræðu milli trúarbragða – einkum skipti á upplýsingum um bestu framkvæmd, grunngildi veraldarhyggju, menntun í trúmálum, þjálfun trúarleiðtoga og fjármögnun bænahúsa. Þessar tólf meginreglur eru til fyllingar hugmyndum sem voru kynntar í hvítbók Evrópuráðsins um samræðu milli trúarhópa sem bar titilinn „Að búa saman sem jafningjar með fullri sæmd“, en þær voru samþykktar 2008.

[www.coe.int/congress-intercultural](http://www.coe.int/congress-intercultural)

[congress.intercultural@coe.int](mailto:congress.intercultural@coe.int)

Útgefið í mars 2016

[www.coe.int](http://www.coe.int)

Evrópuráðið er í fararbroddi stofnana í Evrópuá sviði mannréttindamála. Aðildarríki þess eru 47 og af þeim eru 28 aðilar að Evrópusambandinu. Sveitarstjórnarþingið er stofnun innan Evrópuráðsins sem hefur það hlutverk að efla lýðræði í stjórn sveitarfélaga og héraða í öllum 47 aðildarríkjum þess. Á vettvangi þingsins, sem starfar í tveimur deildum, deild sveitarfélaga og deild héraðsstjórna, og þremur nefndum, koma saman 648 kjörnir fulltrúar frá meira en 200 000 sveitar- og héraðsstjórnum



ISL

The Congress  
  
Le Congrès

COUNCIL OF EUROPE  
  
CONSEIL DE L'EUROPE